

**1. Lánaréttindi:**

Lán eru veitt til virkra sjóðfélaga. Lánsréttur miðast við að sjóðfélaginn hafi greitt iðgjöld til sjóðsins samfelld sýðustu 6 mánuði Sjóðfélagi, sem sannanlega hefur stundað nám eða dvalist erlendis hefur þó lánsrétt, enda uppfylli hann skilyrði til lánveitingar að öðru leyti. Lífeyrisþegar geta átt kost á láni frá sjóðnum, enda hafi þeir haft lánsrétt sbr. framangreint þegar taka lífeyris hófst og þeir sanni greiðslugetu sína með greiðslumati frá viðskiptabanka sínum.

Þeir sjóðfélagar, sem sjálfir standa skil á iðgjöldum sínum til sjóðsins koma því aðeins til greina við úthlutun lána, að þeir séu skuldlausir við sjóðinn hvað iðgjöld snertir, þegar umsókn berst. Skilyrði til lánveitingar til þeirra, sem eru nú fyrir með lán hjá sjóðnum er að það sé í skilum.

**2. Lánsupphæð, lánstími og lánskjör:**

Ekkert hámark er á lánsupphæð sem er innan veðmarka skv. lið. 3 hér að neðan. Lágmarkslán er kr. 400.000.

Lánstíminn er 5-40 ár. Lánin eru verðtryggð m.v. vísitölu neysluverðs og endurgreiðast með minnst fjórum gjaldögum á ári.

Tveir lánaflokkar eru í boði:

**2.1. Almennir vextir** eru skv. ákvæðum skuldabréfanna **breytilegir** og fylgja vöxtum verðtryggðra lána skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands á hverjum tíma að viðbættu 3,5% p.a. álagi. Sjóðstjórn hefur þó ákveðið að virkir sjóðfélagar greiði tímabundið lægri vexti **nú 3,8%**. Skulu þeir endurskoðast a.m.k. 4 sinnum á ári, þann 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí, 15. október ár hvert. Lánin eru með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet).

**2.2. Fastir verðtryggðir vextir, nú 4,2%. Lán skal vera á 1. veðrétti** og skal sjóðfélagi vera greiðandi til grunndeildar eða séreignardeildar sjóðsins eða vera lífeyrisþegi. Lántaki getur valið um lán með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet).

**2.3. Uppfylli lántaki/greiðandi ekki lengur skilyrði skv. lið 2.2 hér á undan, breytast vextir og verða breytilegir og hinir sömu og í tölulíð 2.1. hér á undan.**

Lánin eru eingöngu veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði, sem umsækjandi á eða er að kaupa.

**3. Eftirtalin gögn skulu fylgja umsókn:**

- Veðbókarvottorð þeirrar eignar sem á að veðsetja,
- fasteignamat eignarinnar,
- brunabótamat,
- afrit kaupsamnings ef um lán til kaupa á húsnæði er að ræða,
- og matsverð löggilts fasteignasala ef ástæða er talin til.
- Ef á undan veðrétti sjóðsins eru önnur áhvílandi lán, skulu fylgja umsókninni greiðsluseðlar viðkomandi lána, sem sýna eftirstöðvar uppreiknaðar með verðbótum og vöxtum.

Lán sem veitt eru, að viðbættum forgangsveðskuldum, uppfærðum með vöxtum og verðbótum, mega ekki vera hærri en sem nemur 65% af fasteignamati/markaðsvirði eignarinnar, hvort sem lægra reynist. Þó skal veðsetning ekki vera umfram 100% af samanlögðu brunabótamati og lóðarmati. Höfð er hliðsjón af, fasteignamati og brunabótamati, og ef sjóðurinn telur ástæðu til getur hann óskað sjálfstæðs mats á eigninni frá löggiltum fasteignasala sem tilnefndur er af sjóðnum, á kostnað lántaka. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að þrengja veðreglur sé um að ræða lán á síðasta veðrétti. Ekki er veitt lán með veði í eign sem hefur lægra fasteignamat en kr. 4.000.000,- Ekki er lánað út á ósamþykktar íbúðir eða íbúðir í byggingu sem hvorki hafa fokheldisvottorð né brunatryggingu.

Sjóðurinn áskilur sér einnig rétt til að óska eftir skuldayfirliti og greiðslumati lánastofnunar vegna umsóknarinnar. Sé skuldastaða með þeim hætti að vafi leiki á greiðsluhæfi lántaka getur sjóðurinn lækkað umbeðna lánsfjárhæð eða hafnað lánveitingu. Lántakendur greiða lánökugjald skv. gjaldskrá sjóðsins svo og kostnað við útvegum gagna, stimplun, þinglýsingu, veðmat veðsettra eigna og greiðslumat. Lántakendur sjá sjálfir um þinglýsingu skuldabréfa Lántakendur greiða einnig innheimtukostnað af afborgunum skuldabréfa. Skilyrði fyrir lánsúthlutun er, að umsóknareyðublöð séu að fullu útfyllt og þeim svarað með fullnægjandi hætti. Reglur þessar gilda frá 1. janúar 2012 og eru háðar fyrirvaralausum breytingum af hálfu sjóðstjórnar.

Ég undirritaður, sem hyggst taka lán hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum hef kynnt mér ofangreindar reglur.

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði lántakanda

Dags: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_ Kt: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_ Kt: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_ Kt: \_\_\_\_\_